

58. stjórnarfundur Nýheima 18. 11. 2015 kl. 08:00.

Mætt: Helga Árnadóttir, Olga Ingólfssdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Vala Garðarsdóttir, Þorvarður Árnason, Kristín Hermannsdóttir og Davíð Arnar Stefánsson verkefnastjóri Nýheima.

Forföll boðaði: Eyjólfur Guðmundsson

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Fundarritari: Ragnhildur Jónsdóttir

Dagskrá

1. Nýr fulltrúi SASS í stjórn boðinn formlega velkominn.

Þorvarður fór yfir sögu hússins og vinnustaðamenningu og bauð Guðrúnu Sturlaugsdóttir velkomna í stjórn Þekkingarsetursins Nýheima.

2. Aðgengi að samkeppnissjóðum

Þorri rakti samskipti og samræður stjórnarmanna við ýmsa ráðamenn um aðgengi að samkeppnissjóðum eins og tæknipróunarsjóði og uppbyggingarsjóði SASS. Málið hefur einnig verið rætt innan annarra þekkingarsetra og ákveðið að hvert svæði skrifaði bréf til ráðuneytisins. Þar yrði unnið úr ábendingum, þær dregnar saman og fundnar leiðir til úrbóta. Þorvarður býður sig fram til þess að skrifa um NPA, tæknipróunarsjóð og uppbyggingarsjóð. Kristín skrifar um verkefnastyrkta sjóði einstakra ráðuneyta og tímabundnar ráðningar starfsmanna tengdum uppbyggingarsjóði Suðurlands. Vala tekur að sér að skrifa um menningarsjóð og vaxtasamning. Þorvarður tekur saman lista yfir sjóði sem til greina koma. Drög þurfa að vera tilbúin í byrjun næstu viku.

3. Tækjakostur og fundaraðstaða

Rætt var um lýsingar á mismunandi búnaði og kostnaðarhugmyndir frá Martölvunni. Stjórn þekkingarsetursins leggur til að fjárfest verði í framtíðarlausn sem byggist á stafrænu kerfi bæði í hljóð og mynd. Einnig að hægt sé að nýta kerfin milli rýma í húsinu. Með þessu eykst notagildi hússins og hægt er að auka fjölda þátttakenda í viðburðum í allt að 250 manns og húsið þá samkeppnishæft um að halda stórar ráðstefnur og þing. Sá tækjabúnaður sem til er í dag er gamall og úreltur. Stjórnin er sammála um að nýta þá skjávarpa og önnur tæki sem nýtanleg eru.

Umræður urðu um ábyrgð, kostnaðarþátttöku, eignarhald, viðhald og rekstur á tækjum og búnaði.

4. Önnur mál

- Þorvarður skýrði frá umsókn Rannveigar Ólafsdóttur fyrrum forstöðumanns rannsóknarseturs HÍ í Nýheimum, um styrk í verkefni sem snýr nýtingu breiðari hóps að landupplýsingakerfi (GIS).

VM RJ



- b) Kristín skýrði frá útkomu ritsins Dynskóga sem er héraðsrit Vestur – Skaftfellinga. Það fjallar að þessu sinni um Brunasand. Viðburður verður 5. des á Klaustri kl. 13:00 – 16:00 í tilefni af útgáfunni.
- c) Helga skýrði frá því að Helga Davíðs snúi nú aftur til starfa hjá Vatnajökulspjóðgarði eftir leyfi.
- d) Davíð tilkynnti um viðburð á mánudag kl.12:00 í tilefni af nýju flokkunarkerfi sorps í Nýheimum.
- e) Vala tilkynnti um að hún fari í launalaust leyfi í þrjá mánuði frá og með 1. des. til að taka þátt í fornleifarannsókn. Rithöfundakynning á vegum Hornafjarðarsafa verður 10. des.
- f) Rætt um jólaviðburð Nýheima 11.des.
- g) Vilhjálmur tilkynnti að hann sé að fara í námsleyfi sex fyrstu mánuði ársins 2016 vegna náms í Fab – Academi.

Fundi slitið kl. 9:30

Ragnhildur Jónsd.
Vilhjálmur Magnússon